
Opinn fundur Leiðtogaráðs LUF
29. nóvember 2021, Iðnó, kl. 16:15

Dagskrá 3. leiðtogaráðsfundar:

Fundarstjóri: Viktor Ingi Lorange, oddviti Leiðtogaráðs

Fundarritarar: Sigurður Helgi Birgisson lögmaður LUF og Huginn Þór Jóhannsson ritari LUF

1. Drög að dagskrá 3. fundar leiðtogaráðs

Til umræðu og samþykktar. Flutningsmaður: Huginn Þór Jóhannsson ritari LUF
SPMS ber dagskrá upp til samþykkis.
Samþykkt.

2. Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi

Til umræðu og samþykktar. Flutningsmaður: Sigurþór Maggi Snorrason
lýðræðisfulltrúi LUF
SPMS ber upp tillögu stjórnar að kosningafyrirkomulagi. Þar sem þrjú framboð hafa borist leggur stjórn til að kosið verði leynilegri kosningu í einni umferð. Sá sem flest atkvæði hlýtur telst réttkjörinn ungmennafulltrúi. Sá sem næst flest atkvæði hlýtur verður þá varafulltrúi ungmennafulltrúans.
Samþykkt.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Kosning

VIL tilkynnir að stjórn leggi til að Sigurður Helgi Birgisson lögmaður LUF og Sýlvía Martinsdóttir gjaldkeri LUF sitji í kjörbréfanefnd ásamt einum óháðum fulltrúa úr leiðtogaráði frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.

Fulltrúi JCI (Stella Eðvarsdóttir) býður sig fram. Er tillaga stjórnar ásamt fulltrúa JCI samþykkt.

4. Framboð til Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar¹:

Leynileg kosning / Lófaklapp

1.1. Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF): Aníta Sóley Scheving.

- 1.2. Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ): Rebekka Karsdóttir.
- 1.3. Ungir umhverfissinnar (UU): Evlalía Kolbrún var stödd erlendis en sendi kynningarmyndband.

5. Tilkynning á niðurstöðu leynilegrar kosningar

Nýr Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar formlega skipaður í embætti

VIL býður SHB formann kjörbréfanefndar í pontu að kynna niðurstöðu kosninga. SHB tilkynnir að Rebekka Karsdóttir hafi hlotið kjör ungmennafulltrúa á sviði sjálfbærrar þróunar. Evlalía Kolbrún hlaut næst flest atkvæði og er því varafulltrúi.

6. Áfangaskýrsla stjórnar

Til upplýsinga og umræðu. Flutningsmaður: Geir Finnsson, forseti LUF

GF kynnir áfangaskýrslu stjórnar.
GF gefur færi á spurningum.

7. Starfsemi Alþjóðaráðs LUF

Til upplýsinga og umræðu. Flutningsmaður: Jessý Jónsdóttir alþjóðafulltrúi LUF

VIL kynnir stöðu Alþjóðaráðs og hvetur þau aðildarfélög sem eiga eftir að tilnefna sína fulltrúa til að gera það sem fyrst.

8. Fjárhagsstaða

Til upplýsinga og umræðu. Flutningsmaður: Sýlvía Martinsdóttir gjaldkeri LUF

SM gjaldkeri LUF kynnir stöðuna á fjármálum félagsins miðað við fjárhagsáætlun. SM gefur færi á spurningum.

9. Félagi ársins 2022

Til upplýsinga og umræðu. Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson fyrrverandi forseti LUF og fulltrúi dómnefndar

VIL kynnir félagi ársins 2022 sem fram fer mánudaginn 5. desember 2022 og verður á Stúdentakjallaranum.

10. Leiðtogaskóli Íslands 2023

Til upplýsinga og umræðu. Flutningsmaður: Una Hildardóttir fyrrverandi forseti LUF og rektor skólans.

VIL leggur til að fresta 15. lið fram á næsta fund leiðtogaráðs þar sem rektor skólans forfallaðist. Samþykkt.

11. Önnur mál

1. Sunna, fulltrúi Ungmennaráðs Þorskahjálpar, biðlar til fulltrúa aðildarfélaganna að vera vakandi fyrir fötlunarfordómum í félagsstarfi og samfélaginu. Sunna bendir á að verið sé að vísa flóttafólki með fötlun frá landi og að víða finni fatlað fólk fyrir fordómum.

Fundi slitið kl. 19:48.